

6. kafli – Í borg og bæ



Reykjavík

Ingólfur Arnarson, sem er fyrsti landnámsmaður Íslands, byggði bæ sinn um 870 í Reykjavík **þar sem** Aðalstræti liggur núna. Þegar hann sá til lands kastaði hann öndvegissúlum sínum í sjóinn og valdi sér búsetu **þar sem** súlurnar rak á land við Reykjavík. Skjaldarmerki Reykjavíkur er tákmynd um þessa sögu; tvær hvítar súlur og öldur á bláum skildi.

Á því landsvæði sem Reykjavík stendur núna voru aðallega bóndabæir. Þorp myndaðist **ekki fyrr en** íslenskt ullariðnaðarfyrirtæki, *Innréttlingarnar*, var stofnað með hjálp danska konungsins um 1750. Sextán hús voru þá byggð í Aðalstræti, bæði verksmiðju- og íbúðarhús. Aðalstræti 10, Fógetahúsið, byggt 1762, er eina innréttlingahúsið sem stendur enn og er það elsta hús Reykjavíkur. Stjórnarráðshúsið í Lækjargötu var byggt á árunum 1765–70 sem fangelsi með rými fyrir 16 stórglæpamenn og 54 minni háttar fanga sem átti að nota til að vinna ull fyrir Innréttlingarnar.

Árið 1774 var lagt til að gera Reykjavík að höfuðbæ landsins og fékk hún kaupstaðarréttindi árið 1786 **þegar** íbúarnir voru orðnir 167. Þess vegna voru margar stofnanir fluttar til Reykjavíkur; Biskupsstóllinn flutti frá Skálholti, Latínuskólinn frá Bessastöðum, og Alþingi var endurreist í Reykjavík 1844. Af því tilefni voru reistar byggingar; Dómkirkjan við Austurvöll, Latínuskólinn sem nú er Menntaskólinn í Reykjavík, og Alþingishúsið við Austurvöll 1881.

Um aldamótin 1900 voru íbúar Reykjavíkur um 6000 og voru flest húsín á milli hafnarinnar og Tjarnarinnar. Allar samgöngur til annarra landshluta voru um sjó og fólk ferðaðist fótgangandi innanbæjar. Fyrstu þrjú áratugi aldarinnar, frá 1900–1930, fjölgaði íbúum Reykjavíkur hratt; um 1910 voru íbúar um 12.000 og 1930 voru þeir um 28.000. Byggðin þéttist en dreifðist ekki mikið og náði hún aðeins um einn til tvo kílómetra frá miðju til borgarmarka. Reykjavík var þá líklega þéttbýlasta borg Norðurlanda. Mikill skortur var á húsnæði, borgarbúar bjuggu í lélegu og þröngu húsnæði og var húsaleiga helmingi hærri en t.d. í Kaupmannahöfn á sama tíma.

Þegar almenningsamgöngur hófust um 1930 fór borgin að breiða úr sér og um 1950 **þegar** fleiri og fleiri eignuðust einkabíla var borgarradíusinn orðinn um 4–5 kílómetrar. Það var **ekki fyrr en** um 1930, **þegar** almenningsamgöngur urðu betri, sem farið er að byggja ný hverfi, í austurhluta borgarinnar. Fyrsta strætisvagnaferðin var farin 31. október 1931. Um 1970 voru íbúar Reykjavíkur orðnir um 90.000 en þá bættist við nýtt úthverfi í austri, Breiðholtið. Nú búa rúmlega 121.000 manns í Reykjavík.

Á myndavef Ljósmyndasafns Reykjavíkur er hægt að skoða myndir úr Reykjavík frá 1870–2002.

Fróðlegt

Á vef Hagstofu Íslands er hægt að sjá tölur um mannfjölda á Íslandi.

Á vef Reykjavíkurborgar er hægt að finna ýmsan fróðleik um Reykjavík.

Verkefni 6.1

1. Á hvaða öld fékk Reykjavík kaupstaðarréttindi? _____
2. Á hvaða áratug tuttugustu aldar var fyrsta strætisvagnaferðin farin í Reykjavík?

3. Hvaða tvö tákn eru í skjaldarmerki Reykjavíkur og hvað merkja þau? _____

4. Þekkir þú einhverja staði í Reykjavík nútímans sem minna á fyrsta landnámsmanninn? Eru einhver minnismerki um hann þar? _____

5. Nefndu nokkrar breytingar sem urðu í Reykjavík á átjándu og nítjándu öldinni.

Fjöldi íbúa í Reykjavík

Skoðið töfluna hér að neðan og sjáið hvað íbúum fjölgar, borgarradíusinn víkkar og hlutfall íbúa innan Hringbrautar lækkar og hlutfall íbúa utan Hringbrautar hækkar.

Ár:	Reykvíkingar:	Íbúar „innan Hringbrautar“:	Íbúar „utan Hringbrautar“:
1901:	6.682	6.318 – 94,6%	364 – 5,4%
1910:	11.600	10.943 – 94,3%	657 – 5,7%
1920:	17.679	16.271 – 92,0%	1.408 – 8,0%
1930:	28.052	25.750 – 91,8%	2.302 – 8,2%
1940:	38.917	31.963 – 82,1%	6.954 – 17,9%
1945:	48.186	33.110 – 68,7%	15.076 – 31,3%
1950:	57.563	28.453 – 49,4%	29.110 – 50,6%
1955:	63.613	25.714 – 40,4%	37.899 – 59,6%

1960:	72.273	22.714 – 31,5%	49.487 – 68,5%
1965:	77.973	19.747 – 25,3%	58.226 – 74,7%
1970:	81.561	16.713 – 20,5%	64.848 – 79,5%
1975:	84.419	14.096 – 16,7%	70.323 – 83,3%
1980:	83.449	12.448 – 14,9%	71.001 – 85,1%
1985:	89.767	12.626 – 14,1%	77.141 – 85,9%
1990:	97.648	13.041 – 13,4%	84.607 – 86,6%

Verkefni 6.2

1. Hvenær getur maður sagt *X manns* og hvenær ekki? _____

2. Svaraðu í heilum setningum og skrifaðu íbúafjöldann bæði með tölustöfum og bókstöfum.

a) Hvað voru íbúar Reykjavíkur margir árið 1786? _____

b) Hvað bjuggu margir í Reykjavík árið 1900? _____

c) Hvað bjuggu margir í Reykjavík árið 1910? _____

d) Hvað voru íbúar Reykjavíkur margir árið 1930? _____

e) Hvað bjuggu margir í Reykjavík árið 1975? _____

3. Settu sagnorðin að neðan í eyðurnar.

Íbúum Reykjavíkur _____ mikið á fyrstu áratugum tuttugustu aldar.

Byggðin _____, húsnæði einstaklinga _____ og húsnæðisverð

_____. Fólki á landsbyggðinni _____ um leið og borgin

_____. Um miðja öldina _____ Reykjavíkurbýggðin í ný

úthverfi, og húsnæðisverð _____.

dreifðist, þéttist, fækkaði, fjölgaði, hækkaði, lækkaði, minnkaði, stækkaði,

Hverfi í borginni



Samkvæmt samþykkt borgarráðs Reykjavíkur frá júní 2003 skiptist Reykjavík í tíu hverfi, hvert með sínu hverfisráði og tilheyrandi hverfahlutum:

Nr.	hverfi	svæði km ²	fólksfjöldi 2010	Hverfahlutar
1	<u>Vesturbær</u>	2,9	15.703	<u>Gamli Vesturbærinn</u> , <u>Bráðræðisholt</u> , <u>Grandar</u> , <u>Hagar</u> , <u>Melar</u> , <u>Skjól</u> , <u>Grimsstaðaholt</u> , <u>Skildinganes</u> og <u>Litli Skerjafjörður</u>
2	<u>Miðborg</u>	3,6	8.618	<u>Tjarnarbrekka</u> , <u>Víkin</u> , <u>Arnarhóll</u> , <u>Skuggahverfi</u> , <u>Laufás</u> , <u>Spítalahlíð</u> , <u>Þingholt</u> , <u>Ásgarður</u> , og <u>Tungan</u>
3	<u>Hlíðar</u>	3,3	9.612	<u>Norðurmýri</u> , <u>Hlíðar</u> , <u>Hlemmur</u> , <u>Holt</u> , <u>Suðurhlíðar</u> , <u>Öskjuhlíð</u> og <u>Nauthólsvík</u>
4	<u>Laugardalur</u>	6,4	15.239	<u>Tún</u> , <u>Teigar</u> , <u>Lækir</u> , <u>Laugarnes</u> , <u>Sund</u> , <u>Heimar</u> , <u>Langholt</u> , <u>Vogar</u> , <u>Skeifan</u> og <u>Fen</u>
5	<u>Háaleiti og Bústaðir</u>	4,3	13.755	<u>Múlar</u> , <u>Kringlan</u> , <u>Bústaðir</u> , <u>Fossvogur</u> , <u>Smábúðahverfi</u> og <u>Blesugróf</u>
6	<u>Breiðholt</u>	5,5	20.646	<u>Hólar</u> , <u>Fell</u> , <u>Berg</u> , <u>Sel</u> , <u>Skógar</u> , <u>Bakkar</u> , <u>Stekkir</u> og <u>Mjódd</u>
7	<u>Árbær</u>	6,1	10.192	<u>Selás</u> , <u>Árbær</u> , <u>Ártúnsholt</u> , <u>Bæjarháls</u> , <u>Norðlingaholt</u> og <u>Grafarholt</u>
8	<u>Grafarvogur</u>	14,0	18.130	<u>Hamrar</u> , <u>Foldir</u> , <u>Hús</u> , <u>Rimar</u> , <u>Borgir</u> , <u>Víkur</u> , <u>Engi</u> , <u>Spöng</u> , <u>Staðir</u> , <u>Höfðar</u> , <u>Bryggjuhverfi</u> , <u>Geirsnef</u> , <u>Gufunes</u> og <u>Geldinganes</u>
9	<u>Kjalarnes</u>	61,7	834	Kjalarnes og <u>Álfsnes</u>
10	<u>Grafarholt og Úlfarsárdalur</u>	22,5	5.416	Fellur undir hverfisráð Árbæjar til að byrja með
-	<u>Græni trefillinn</u>	144,2	-	
	Reykjavík	274,5	118.145	

Verkefni 6.3

1. Hvar er þéttasta og hvar er dreifðasta byggðin í Reykjavík? _____

2. Í hvaða hverfi eða hverfahluta eru eftirfarandi staðir? Perlan, Ráðhúsið, Hallgrímskirkja, Alþingishúsið og Laugardalslaug. _____

Í hvaða hverfi býrðu?

í Vesturbænum	í Háaleiti(nu)	í Grafarvogi(num)
í miðbænum	í Bústaðahverfi(nu)	í Grafarholti(nu)
í Hlíðunum	í Breiðholti(nu)	á Kjalarnesi(nu)
í Laugardalnum	í Árbæ(num)	
í Fossvogi(num)		

Götuheiti

Götuheiti eru flest samsett orð. Seinni liðurinn hefur oftast svipaða merkingu og orðið gata, s.s. *-braut*, *-stræti*, *-vegur*, *-stígur* eða hann merkir eitthvað í landslagi, s.s. *hlíð*, *leiti*, *múli*, *mýri*, *sund*, *tún*, *hagi*. Með götuheitum eru notaðar forsetningarnar *í* og *á*. Þær stýra í þessu tilfelli báðar þágufalli. Forsetningin *í* er t.d. notuð á undan götuheitum sem enda á *-bær*, s.s. *Hlaðbær*.

Forsetningarnar *í* og *á* stýra hér þágufalli (þ.e. dvöl á stað)

<i>í</i> kemur á undan	<i>á</i> kemur á undan
-bær -gerði	-braut -gata (oftast)
-fell -heimar	-grandí -hagi
-hlíð -holt	-melur -stígur
-leiti -múli	-teigur -vegur
-mýri -nes (oftast)	
-stræti -sund	
-tún	

Húsnúmer

Húsnúmer eru í hvorugkyni. Hann býr á Sturlugötu fjögur. Hún er flutt í Breiðagerði tuttugu og tvö.

Verkefni 6.4

1. Skrifaðu rétta forsetningu á undan götuheitunum og húsnúmerin með bókstöfum í eyðurnar.

a) Kennarinn á heima _____ Víðihlíð _____ (3).

b) Hann býr _____ Háabæ _____ (11).

c) Konan á heima _____ Samtúni _____
(32).

d) Helgi býr _____ Bakkastíg _____ (4).

e) Hún býr _____ Snorrabraut
_____ (121).

f) Þingmaðurinn býr _____ Lækjargötu, besti vinur hans býr _____ Hrefnugötu
_____ (7) en systir hans býr _____ Týsgötu _____ (4C).

2. Hvar áttu heima? _____

3. Í hvaða hverfi áttu heima? _____

Kristín

Kristín Böðvarsdóttir býr í Kópavogsbæ sem er sérstakt bæjarfélag á höfuðborgarsvæðinu. Kristín sækir vinnu í Reykjavík eins og margir sem búa í Kópavogi. Hún er gjaldkeri í banka í miðbænum, er ánægð í vinnunni og ætlar að vinna þar **þangað til** hún fær góða vinnu í Kópavogi. Oft er mikið að gera í bankanum og þar hittir hún margt fólk. Jóna, besta vinkona hennar, sem er bankastjóri í sama banka, býr líka í Kópavogi. Vinnufélagarnir eru hressir og skemmtilegir og þeir skemmta sér oft saman. Kristín fer oft á kaffihús eða á bar með samstarfsfólki sínu **um leið og** vinnu er lokið og bíður þar **þangað til** Jóna er búin í vinnunni. **Strax og** Jóna er búin fara þær heim á bílnum hennar Jónu.

Kristín er fráskilin og býr ein. Óttar, fyrrverandi maðurinn hennar, er smiður. **Á meðan** þau voru gift bjuggu þau lengi í Grindavík en fluttu í Kópavoginn tveimur árum **áður en** þau skildu. Óttar smíðaði timburhús í Kópavogi þar sem Kristín býr núna. Húsið er frekar lítið en nógu stórt fyrir Kristínu. **Eftir að** þau skildu flutti Óttar aftur til Grindavíkur. Þar hefur hann starfað sem smíðakennari í grunnskólanum.

Rósa, systir Kristínar sem er núna að læra verkfræði í Bandaríkjunum, býr hjá Kristínu **þegar** hún kemur til Íslands á sumrin. **Á meðan** Rósa er á Íslandi vinnur

hún sem ritari á verkfræðistofu í Keflavík. Hún fær ekki vinnu sem verkfræðingur fyrir en hún hefur lokið náminu.

Verkefni 6.5

1. Hvar á Kristín heima? _____
2. Hvaða bæir eru á höfuðborgarsvæðinu? _____
3. Hvar vinnur Kristín? _____
4. Hvað heitir besta vinkona hennar? _____
5. Hvað gerir hún? _____
6. Hver smíðaði húsið sem Kristín býr í? _____
7. Hvað gerir hann? _____
8. Í hvaða orðflokki eru feitlettruðu orðin í textanum? _____
9. Hversu lengi ætlar Kristín að vinna í bankanum? _____
10. Hvenær fer Kristín með vinnufélögunum á bar eða á kaffihús? _____

11. Hversu lengi bíður Kristín eftir Jónu? _____
12. Hvenær fara þær heim? _____
13. Hvenær bjuggu Kristín og Óttar í Grindavík? _____
14. Hvenær fluttu þau í Kópavoginn? _____
15. Hvenær flutti Óttar til Grindavíkur? _____
16. Hversu lengi hefur hann starfað sem smíðakennari? _____
17. Hvenær býr Rósa hjá Kristínu? _____
18. Hvenær vinnur hún á verkfræðistofu í Keflavík? _____
19. Hvenær fær Rósa vinnu sem verkfræðingur? _____

Forsetningarnar *í* og *á*

Forsetningarnar *í* og *á* eru staðarforsetningar. Þær eru t.d. notaðar í forsetningarliðum sem segja til um vinnustaði fólks. Þær stýra í þessu tilfelli báðar

þágufalli. Forsetningin *í* er t.d. notuð með eftirtöldum vinnustöðum: búð, banki, leikhús, skóli, fyrirtæki. Forsetningin *á* er t.d. notuð með eftirtöldum vinnustöðum: skrifstofa, hótél, verkstæði.

Verkefni 6.5

Við hvað vinnur fólk í Háskóla Íslands? _____

Hvar vinnur fólk sem er í heilbrigðisstörfum? Í hvaða störfum er það? _____

Hvar vinnur fólk sem er í verslunarstörfum? Hvað gerir það? _____

Hvar vinnur fólk sem starfar við veitinga- og þjónustustörf? Hvað gerir það?

Hverjar eru aðalvinnugreinarnar á Íslandi? _____

Góðar stundir á svölunum FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Teitur Þorkelsson hefur ásamt sambýliskonu sinni, Sigríði Elvu Vilhjálmsdóttur, verið búsettur við Laugaveg í nokkur ár. Heima nýtur hann þess að sitja úti á svölum, slappa af og rækta framandi grænmeti.



„Þingholtin og Laugavegurinn eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér, enda iðandi af mannlífi og uppfull af gömlu húsnaði með sál,“ segir Teitur Þorkelsson á svölunum heima. Teitur starfaði um árabil við fjölmiðla en vinnur nú hjá íslensku hönnunarfyrirtæki.

„Það er klárt mál að svalirnar réðu úrslitum, þessir tuttugu fermetrar með góðu útsýni út í bakgarðinn þar sem tignarleg reynitré breiða úr sér, full af berjum og fuglum á haustin, þannig að það er alveg eins og vera kominn upp í sveit. Hérna sitjum við allt árið um kring, meira að segja með teppi og hitara á veturna, lesum, ræktum exótískt grænmeti og njótum samvistanna hvort við annað, frekar en að

hírast inni,“ segir Teitur Þorkelsson athafnamaður glaðreifur, en hann hefur verið búsettur á Laugavegi síðustu ár ásamt sambýliskonu sinni, Sigríði Elvu Vilhjálmisdóttur fréttamanni. Hjónakornin búa í gömlu og að hluta til uppgerðu húsnæði og gætu helst ekki hugsað sér að búa annars staðar en í miðbænum, að sögn Teits. „Við höfum bæði búið hérna í bænum með hléum síðastliðin ár og unum hag okkar vel, en Þingholtin og Laugavegurinn eru í sérstöku uppáhaldi hjá mér, enda iðandi af mannlífi og uppfull af gömlu húsnæði með sál.“ Teitur kvartar lítið undan næturlífinu, segir það bara tilheyrja því að búa í miðbænum. „Það er kannski helst að ferðamenn sem eiga leið hjá á sunnudagsmorgnum fái ekki frið fyrir sauðdrukknu fólki og það er spurning um að reyna að sporna gegn því.“ Eins finnst honum leitt að horfa upp á niðurníddu húsin í borginni. „Borgin hefur sem stendur ekki mikið svigrúm til að bregðast við ástandinu, vonandi fer það bara að lagast,“ segir hann og hefur ýmsar hugmyndir um hvernig bæta mætti miðbæinn. „Gaman væri að sjá meiri gróður, liti og gleði. Svo gæti verið sniðugt að prófa að breyta hluta Laugavegarins í göngugötu og draga þannig aðeins úr umferðinni sem er hér nánast allan sólarhringinn, en það bæði mengar og er kostnaðarsamt.“ Teiti finnst þó margt hafa þróast til betri vegar í miðbænum og nefnir sérstaklega neðri hluta Laugavegarins í því samhengi. „Þar er allt til alls og áhugaverðar breytingar sem hafa átt sér stað eftir hrun. Í hús sem áður hýstu finni verslanir eru nú kannski komnir listamenn og ungir strákar sem prenta á boli. Þessar litlu verslanir ljá borginni skemmtilegan blæ og minna um margt á erlendar stórborgir eins og Kaupmannahöfn og Stokkhólm og sýna að engin ástæða er til að kringlúvæða miðbæinn okkar.“ roald@frettabladid.is

Verkefni 6.6

1. Finndu annað orðalag í stað yfirstrikuðu orðanna

„Það er _____ klárt—mál að svalirnar _____ réðu úrslitum [...]. Hérna sitjum við árið um kring [...] _____ frekar en að hírast inni“ segir Teitur Þorkelsson athafnamaður _____ glaðreifur en hann hefur _____ verið búsettur á Laugavegi síðustu ár.

ábyggilegt átt heima heldur hress skiptu mestu máli

2. Tengdu saman það sem passar

Við <i>unum hag okkar vel</i>	í augnablikinu
Ferðamenn sem <i>eiga leið hjá</i>	koma í veg fyrir það
Þar er <i>allt til alls</i>	batnað
Borgin hefur <i>sem stendur</i>	líður vel

Að reyna að *sporna gegn því*

allt sem þarf

Margt hefur *þróast til betri vegar*

eru á ferðinni í nágrenninu

3. Hvað gerir Teitur? _____

4. Hvað gerir sambýliskona Teits? _____

5. Teitur er með ýmsar hugmyndir um hvernig bæta mætti miðbæinn, nefnið þrennt. _____

6. Teitur segir að hluti Laugavegarins hafi breyst eftir hrun. Hvaða breytingar nefnir hann? _____

7. Hvert er íslenska orðið yfir **exótískt** grænmeti? _____

8. Finndu andheiti:

sauðdrukkinn ≠ _____

kostnaðarsamur ≠ _____

kvartar ≠ _____

friður ≠ _____

sjaldgæfur ≠ _____

áhugaverður ≠ _____

niðurníddur ≠ _____

9. Rétt eða rangt?

Svalirnar urðu til þess að Teitur keypti íbúðina sína

Teitur og Sigríður hafa alltaf búið í miðbænum

Teiti finnst næturlífið í miðbænum mjög truflandi

Teitur vill bara búa í miðbænum

Ferðamenn eru alltaf sauðdrukkirnir í miðbænum

Teitur vill fá „Kringlu“ í miðbæinn

Rétt

Rangt

10. Hvað **passar ekki** í hverri línu?

teppi - gróður - reynitré - grænmeti

næturlíf - partí - ró - gleðskapur

samvistir - sambúð - einvera - félagsskapur

sniðugt - skemmtilegt - leitt - gleðilegt

sveit - umferð - mengun - stórborg

11. Taktu sundur þessi samsettu orð og greindu fyrri liðinn málfræðilega (eignarfall eintölu, eignarfall fleirtölu eða stofn)

athafnamaður: _____ + _____ ; _____

mannlíf: _____ + _____ ; _____

Laugavegur: _____ + _____ ; _____

sambýliskona: _____ + _____ ; _____

næturlíf: _____ + _____ ; _____